

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga að úthlutun úr styrktarsjóði fyrir fjöleignarhús til uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla

Samkvæmt 3. mgr., 5. gr. endurskoðaðra reglna um styrki vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla við fjöleignarhús skal Umhverfis- og skipulagssvið leggja tillögu að styrkúthlutun fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð að fengnu samþykki Orkuveitu Reykjavíkur.

Borist hefur umsókn frá Húsfélaginu Espigerði 2, styrkupp hæð 1.500.000,- kr.

Umhverfis- og skipulagssvið hefur yfirfarið umsóknina og uppfyllir hún úthlutunarskilmála sjóðsins. Meðfylgjandi er samþykki Orkuveitu Reykjavíkur fyrir styrkúthlutun ásamt umsókn og fylgigögnum. Lagt er til að umhverfis- og heilbrigðisráð samþykki framangreinda umsókn.

Virðingarfyllst,

Guðmundur B. Friðriksson

Hjálagt:
Umsókn Húsfélagsins Espigerði 2 ásamt fylgiskjöllum
Samþykki OR fyrir styrkúthlutun



Umsókn um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla við fjöleignarhús

Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur hafa komið á fót sjóði sem ætlað er að styrkja fjöleignarhús í að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Skilgreindir hafa verið úthlutunarskilmálar fyrir sjóðinn sem má nálgast á eftirfarandi vefsíðu: <https://reykjavik.is/uppbbygging-innvida-fyrir-rafbila>

Eyðublað þetta er ætlað fjöleignarhúsum til að sækja um styrk úr sjóðnum. Skila skal útfylltu umsóknareyðublaði og tilgreindum fylgigögnum með tölvupósti á netfangið rafbilar@reykjavik.is

Umsókn skal skila og fá samþykka áður en búnaður er keyptur og framkvæmdir hafnar. Þó er heimilt að leita ráðgjafar áður en sótt er um styrk sbr. a-lið 2. gr. framangreindar úthlutunarskilmála

Upplýsingar um húsfélag

Heiti húsfélags:

Heimilisfang húsfélags:

Kennitala húsfélags:

Reikningur húsfélags sem færa skal styrk inn á:

Lýsing á framkvæmd

Lýsa skal vinnu/ráðgjöf sem sótt er um styrk fyrir, búnaði m.a. fjölda og staðsetningu hleðslustöðva, raflögnum og hvernig gjaldtöku fyrir notkun er háttað¹, fjölda íbúða í húsfélagi sem sækir um styrk, :

Hleðslubúnaður sem settur er upp, lagnir og allur frágangur skal uppfylla í öllu kröfur í íslenski löggjöf til raflagna og -kerfa og frágangs á þeim. Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka. Fylgja skal leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar „Hleðsla rafbíla og raflagnir“.

¹ Hleðslustöðvar skulu vera aðgengilegar öllum íbúum húsfélagsins. Þetta krefst þess að hleðslustöðvarnar séu í eigu og umsjón húsfélagsins og hugað sé í upphafi að því hvernig kostnaði er skipt á milli þeirra sem nota hleðsluaðstöðuna

Upphæð styrks sem sótt er um²:

Upphaf verks:

Áætluð verklok³:

Fylgigögn með umsókn

Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

Kostnaðaráætlun

Tilboð verktaka

Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

² Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti. Styrkur er greiddur í samræmi við framlagða reikninga.

³ Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju.



RE: Umsókn um styrk til Rafbílahleðslu - Espigerði 2, 108 Reykjavík

Bréf

Málsnúmer: USK2020050007

Bréfalyklar: 5.27 Rafhleðslustöðvar

Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 16.11.2020

Dagsetning skjals: 16.11.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Jakob Sigurður Friðriksson"

<jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Skjalalykill Móttökudags.	5.27 Rafhleðslustöðvar 16.11.2020	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2020050007 16.11.2020
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent:

Sent til:

Notandi: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Dagsetning: 16.11.2020 15:37:52

Til: "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: RE: Umsókn um styrk til Rafbílahleðslu - Espigerði 2, 108 Reykjavík

Sæll

OR samþykkir fyrir sitt leyti.

Kær kveðja / Best Regards,

Jakob Sigurður Friðriksson

Viðskiptaþróunarstjóri / Business Development Manager

Verkefnastofa / Project Management | Stjórnhættir og stefna / Governance & Strategy

Sími / Tel: +354 516 6100 | Farsími / Mobile: +354 6177720 | Netfang / E-mail:

jakob.sigurdur.fridriksson@or.is

Orkuveita Reykjavíkur / Reykjavik Energy | www.or.is

[IMAGE]

Fyrirvari / Disclaimer: <http://www.or.is/fyrirvaridisclaimer>

From: Guðmundur Benedikt Friðriksson <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Sent: mánudagur, 16. nóvember 2020 15:21

To: Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Subject: FS: Umsókn um styrk til Rafbílahleðslu - Espigerði 2, 108 Reykjavík

Sæll Jakob

Sjá eftirfarandi póst og fylgiskjöl vegna umsókna Espigerðis 2 um styrk. Kostnaðaráætlunin er inní verklýsingunni. Annars eru öll skjöl til staðar. Samþykki OR?

Kveðja,

Guðmundur

Frá: Stefán Birnir Sverrisson <stefan@taeknivit.is>

Sent: miðvikudagur, 11. nóvember 2020 16:27

Til: Guðmundur Benedikt Friðriksson <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Afrit: Jóhann Kristinsson <johann.olafur.kristinsson@gmail.com>; Valþór Hlökkversson - Ritform <valthor@ritform.is>

Efni: Fwd: Umsókn um styrk til Rafbílahleðslu - Espigerði 2, 108 Reykjavík

Sæll Guðmundur

Skoðar þú umsóknargögnin fyrir Espigerði 2 áður en þau fara fyrir nefndina? hvort allt sé eins og það eigi að vera?

Hvenær er næsti fundur, hvenær megum við búast við að heyra frá nefndinni?

--

Með kveðju / Best regards,

Stefán Birnir Sverrisson

Farsími / Mobile: 6129566

Tölvupóstur / Email: stefan@taeknivit.is



REYKJAFELL



Ísorka

SMITH &
NORLAND



TÆKNIVIT
TÆKNI- OG VERKFRÆÐISTOFA

Tilboð hleðslukerfi útistæði

Espigerði 2, 108 Reykjavík

b.t. Valþór Hlöðversson valthor@ritform.is S: 8947252

Dags: 13. október 2020

Gildistími: 3 mánuðir

Tilboð þetta er fyrir uppsett rafbílahleðslukerfi á sameignarstæðum utandyra Espigerði 2 Reykjavík. Hönnun og frágangur er að fullu í samræmi við kröfur Mannvirkjastofnunar um hleðslu rafbíla. Löggildir rafvirkjar með þekkingu á viðkomandi hleðslukerfi sjá um uppsetningu. Eftirlit framkvæmda, virkniþrófanir og lokafrágangur er á ábyrgð Tæknivits.

Tilboðið skiptist í þrjá hluta þ.e. raflagnakerfi, hleðslustöðvar og umsjónarkerfi. Tilboðshafa er frjálst að samþykkja alla hluta tilboðsins, tvo hluta, einn hluta eða engan. Hlutar tilboðsins eru eftirfarandi:

Raflagnakerfi fyrir hleðslustöðvar

1. Raflagnakerfi fyrir hleðslustöðvar á sameignarstæðum utandyra

- Tilboð: 830.000 kr. án/vsk.** Innifalið í tilboði er nýr strengur og lagnir frá heimtaug bílakjallara til sameignarstæða norðan megin, breytingar og viðbætur í rafmagnstöflu, og annað sem til þarf fyrir fullgilda hleðslulausn á sameignarstæðum ofan á bílakjallara
- Raflagnakerfi hentar öllum tegundum rafbíla-hleðslustöðva. Raflagnakerfi er afhent tilbúið til uppsetningar á hleðslustöðvum. Tilboðshafi getur keypt hleðslustöðvar frá Tæknivit, eða öðrum þjónustuaðila.

Hleðslukerfi frá N1

1. N1 Hleðslukerfi – Hleðslustöð

- Tilboð hleðslustöð Zaptec pro 22 kW með type 2 tengi: 187.338 kr. án/vsk.** Hleðslustöð er frá N1. Hleðslustöðin er fyrir hleðslu á einum rafbíl/tengiltvinnbíl. Hleðslustöð hefur innbyggðan allan varbúnað og álagsstýringu. Þessi stöð getur hlaðið alla tengiltvinnbíla og alla rafbíla með fullu afli. ATH að ekki fylgir „type 2“ hleðslukapall með stöð. Rafbílaeigendur eiga oft slíkan kapal en einnig fylgir kapall

oft með kaupum á rafbíl. Hægt er að kaupa kapal með stöðinni fyrir um 35.000 kr m/vsk

- b. **Tilboð hleðslustaur með uppsetningu: 35.000 kr án/vsk per hleðslustöð.** Kantur við enda sameignarstæða er hugsanlega ekki nógu hár til að þægilegt sé að stinga hleðslukapal í hleðslustöðina. Hleðslustaur er fyrir upphækkun á hleðslustöð svo hún sé í hentugri hæð.
- c. **Tilboð uppsetning á hleðslustöð við uppsetningu lagnakerfis: 48.306 kr. án/vsk.**
- d. **Tilboð uppsetning á hleðslustöð eftir uppsetningu lagnakerfis: 64.435 kr. án/vsk.**
- e. Innifalið er uppsett og álagsstýrð hleðslustöð tilbúin til notkunar. Notandi getur séð sína notkun á heimasíðu eða í appi. Umsjónaraðili getur séð rafmagnsnotkun allra notenda.
- f. Boðnar hleðslustöðvar eru Zaptec Pro frá <https://n1.is>

2. N1 umsjónarkerfi. Handvirkt uppgjör

- a. **Tilboð: 1990 kr. á mánuði m/vsk**
- b. Umsjónarkerfi sér um álagsstýringu. Notendur geta séð sýna notkun á heimasíðu og í appi.
- c. Uppgjör á rafmagnsnotkun rafbílaeigenda er hægt að taka út úr kerfinu og birta í excel skjali. Algengt er að rafbílaeigendur borgi mánaðarlega fyrir áætlaða notkun, og t.d. einu sinni á ári geri gjaldkeri húsfélagsins upp við rafbílaeigendur miðað við raunnotkun á hleðslukerfinu.

3. N1 umsjónarkerfi. Sjálfvirkt uppgjör (valfrjálst)

- a. **Tilboð: 590 kr. á notanda á mánuði m/vsk**
- b. Uppgjörskerfi losar rafbílaeigendur og húsfélag undan öllu uppgjóri vegna rafmagnsnotkunar hleðslustöðva
- c. Hver notandi fær mánaðarlega reikning fyrir rafmagnsnotkun vegna hleðslu á sínum rafbíl.
- d. Húsfélagið fær mánaðarlega greiðslu fyrir rafmagnsnotkun hleðslustöðva

Húsfundargerð

Húsfélagið Espigerði 2

mánudaginn 14. september 2020 kl. 18:00

haldinn á skrifstofu Eignaumsjónar, Suðurlandsbraut 30. jarðhæð.

1. Fundur settur. Val á fundarstjóra og fundarritara

Formaður húsfélagsins, Jóhann Ólafur Kristinsson, setti fundinn kl. 18:02 og stakk upp á að Daníel Árnason frá Eignaumsjón verði fundarstjóri og fundarritari og var það samþykkt einróma. Því næst bar fundarstjóri boðun fundarins undir fundinn, fundarboðið sjá fskj. 1.1. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun fundarins og lýsti fundarstjóri hann lögmætan þar sem löglega var til hans boðað. Mætingarlisti var látinn ganga til undirritunar viðstaddra, sjá fskj. nr. 1.2. Mætt var fyrir 20 af 39 eignarhlutum hússins. Eitt umboð barst, fskj. 1.3.

2. Framkvæmdir á lóð

Jóhann Ólafur formaður og Valþór Hlöðversson gerðu grein fyrir fyrirhuguðum lóðarframkvæmdum sem felast í endursteypu á útitröppum við aðaldyr og endurnýjun á hellulögn gangstétta ásamt snjóbræðslu undir þeim, sjá afstöðumyndir í fskj 2.1.

Tvö tilboð bárust, lægst er tilboð frá Rosanöglum ehf. kr. 12,8 milljónir króna.

Ábending kom um að bæta við verkið og leggja hitalögn undir gangstétt austan hússins. Þá var spurt um sögu verktakans og eftirlit með verkum, en það verður í höndum stjórnar. Áætluð verklok verða um 30. nóvember n.k. Bent var á að vegna sameiginlegrar lóðar ber að kynna verkið fyrir fulltrúum eiganda í Espigerði 4.

Eftir umræður bar fundarstjóri upp tillögu stjórnar um að ráðast í verkið, ganga að tilboði Rosanagla ehf og bæta við hitalögn undir gangstétt austan hússins.

3. Fyrirkomulag reksturs húsfélagsins

Stjórn leggur til að rekstur og umsjón með daglegum rekstri húsfélagsins verði með óbreyttu sniði, þ.e. ræstingar verði aðkeyptar en stjórn annist að öðru leyti daglegan rekstur og umsjón sameignar. Fjármál félagsins eru í höndum Eignaumsjónar.

Jóhann formaður fór yfir þann ávinning og hagræði sem þessu fylgir miðað við fyrra fyrirkomulag, sjá fskj 3.1.

Fram kom hjá fundarmanni að þrífni þykja ófullnægjandi og að umgengi í sorpgeymslu eru ófullnægjandi. Jóhann formaður taldi þríf í lagi og sagði unnt að ræða við verktakann eða auka þrífni ef nauðsyn krefur. Bent var á að ástand sameignar þ.m.t. sorpgeymslu er undir íbúum komin og ber að höfða til ábyrgðar þeirra.

Eftir umræður var tillaga stjórnar um óbreytt fyrirkomulag samþykkt með meginþorra atkvæða en einn var á móti.

4. Uppsetning hleðslustöðva vegna rafbíla

Jóhann formaður og Valþór Hlöðversson gerðu grein fyrir kostnaði við uppsetningu 5 hleðslu-stöðva fyrir rafmagnsbíla. Áætlaður kostnaður er 2.250.000 en gera má ráð fyrir 1,5 milljóna króna styrk frá Reykjavíkurborg, þannig að netto kostnaður húsfélags verður um 750 þúsund krónur. Samráð verði haft við fulltrúa/hússtjórn í Espigerði 4 en með sameiginlegu og hliðstæðu átaki beggja húsfélaga mætti þannig koma upp 10 hleðslustöðvum á lóðinni í fyrstu.

Bent var á að samráð verði haft við eigendur í bílageymslu vegna uppsetningar á plani yfir bílageymslu.

Bent var á að hleðslustöðvar eru taldar jákvæðar fyrir virði eigna og að auki söluhvetjandi á fasteignamarkaði.

Eftir umræður var borin upp tillaga um að keyptar verði og settar upp 5 hleðslustöðvar á plani yfir bílageymslu, sótt verði um styrk til Reykjavíkurborgar og að samráð verði haft við eigendur í bílageymslu. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum utan einu atkvæði sem var á móti.

Jafnframt var lögð fram svohljóðandi bókun:

Fundur í Húsfélaginu Espigerði 2, haldinn 14. september 2020, hefur samþykkt áform stjórnar húsfélagsins um uppsetningu allt að 5 hleðslustöðva vegna rafbíla á bílastæði húsfélagsins. Fundurinn samþykkir að hússtjórn sækir um styrk til Reykjavíkurborgar vegna uppsetningar stöðvanna og telur hann vera forsendu þess að stöðvarnar verði settar upp. Fundarmenn gera sér grein fyrir því að rafbílar og tengiltvinnbílar hafi forgang í þessi stæði sem verða sérmerkt þannig að þeir hafi aðgang að hleðslustöð. Hússtjórn mun setja nánari reglur um notkun stæðanna og kynna íbúum hússins eftir uppsetningu þeirra.

5. Önnur mál


- Spurt var um eldvarnarhurðir og lokun þeirra. Markús Heimir Guðmundsson greindi frá úttekt Mannvits varðandi eldvarnarmál og athugasemdum þeirra. Mælt er m.a. með sameiginlegu eldvarnakerfi í húsinu og að tekin verði bruna- eða rýmingaræfing. Von er á skýrslu Mannvits fljótlega.

Jóhann sagði lýsingu hafa verið endurnýjaða í innri sameign.

Spurt var um rekstur þvottahúss/þvottavéla, en rekstrinum er úthýst til verktaka.

6. Fundargerð var lesin og samþykkt.


7. Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 19:15.



Daníel Árnason, fundarstjóri



Jóhann Ólafur Kristinsson, formaður



Rafmagnstafla á neðri hæð

Lögn frá neðri hæð

Hleðslustöðvar við sameignarstæði

2

3440

2

1485

4

3440

4

2200

1940

① K. 57 B D
② K. 60 B D

1940

5937

5791

2150

K. 58

588

5982

5937

5937

6024

6024

K. 60 D 1

60

6036


6005

5870

2810

58





Kostnaðaráætlun hleðslukerfi sameignarstæði

Espigerði 2, 108 Reykjavík
b.t. Valþór Hlöðversson valthor@ritform.is S: 8947252
Dags: 13. október 2020

Kostnaðaráætlun fyrir hleðslukerfi fyrir sameignarstæði Espigerði 2 tekur mið af tilboði sem hefur verið sent til Húsfélagsins Espigerði 2 108 Reykjavík sem inniheldur lagnakerfi frá Tæknivíti og hleðslukerfi frá N1. Það tilboð er merkt „Tilboð hleðslustöðvarkerfi útistæðipdf“ í fylgiskjölum

Lýsing á framkvæmd á uppsetningu hleðslustöðvarkerfis Espigerði 2, 108 Reykjavík

Dagsetning: 19.10.2020

Sótt er um styrk til Reykjavíkurborgar upp á samtals 1.500.000 krónur til að setja upp hleðslustöðvar við sameignarstæði á útiplani við Espigerði 2, 113 Reykjavík. Sameignarstæði á útiplani ná til allra íbúða Espigerði 2, samtals 39 íbúðir. Hleðslustöðvar verða staðsettar á bílaplani ofan á bílgeymslu, sjá meðfylgjandi teikningu. Í bílgeymslu er 3x32A sér-heimtaug til staðar í dag og hægt er að stækka hana í 3x63A til að hafa nægilega raforku fyrir rafbíla í bílgeymslu og á sameignarstæðum ofan á bílgeymslu til framtíðar. Stækkun heimtaugar felst í því að stækka heimtaugarvar, Veitur hafa staðfest að núverandi strengur frá götuskáp ráði við það. Bílgeymsla er með 20 séreignastæði fyrir 20 íbúðir Espigerði 2. 19 íbúðir Espigerði 2 hafa eingöngu stæði á sameignarstæði.

Sótt er um styrk fyrir stækkun heimtaugarvars, streng frá rafmagnstöflu bílageymslu og til sameignarstæða, auk 5x 22kW hleðslustöðva, uppsettar og tilbúnar til notkunar til að hlaða 5 rafbíla samtímis. Boðið rafbílahleðslukerfi heimilar álagsstýringu og miðlægt uppgjör (samkvæmt meðfylgjandi tilboði). Innifalið er einnig vinna við uppsetningu, ráðgjöf og innleiðingu. Allar íbúðir munu fá RFID-kort afhent sem að gerir þeim kleift að auðkenna sig og geta hlaðið. Auðvelt er að fjölga hleðslustaurum og hleðslustöðvum í framtíðinni á sameignarstæðum með því að framlengja sömu lögn og sótt er um styrk fyrir.

Húsfélagið sækir um styrkinn í forsvari fyrir allar íbúðir í Espigerði 2 og allir íbúar munu hafa aðgang að hleðsluinnviðunum. Hönnun og frágangur er í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Verkið verður unnið af löggiltum rafverktaka (Löggildur rafverktaki er Vogir og Lagnir, undirverktaki Tæknivits, kennitala: 611211-0900) og liggur tilboð fyrir bæði varðandi raflagnakerfi, hleðslustöðvar (N1/Hlaða) og miðlægt hleðslukerfi fyrir álagsstýringu og uppgjör. Rafverktaki framkvæmir lokaúttekt og útbýr kynningu til Mannvirkjastofnunar um verklok og að framkvæmdin uppfylli tilskildar kröfur.

Styrkuppghæð

- Lagnakerfi sameignarplani, strenglögn að hleðslustöðvum, breytingar á rafmangstöflu: 830.000 ISK án/vsk
- 5x hleðslustöðvar frá N1/Hlaða með uppsetningu og gangsetningu: $(187.338+48.306+35.000) * 5 = 1.353.220$ ISK án/vsk
- Tæknivít – ráðgjöf og hönnun rafhleðslukerfi: 93.072 ISK án/vsk
- Heildaruppghæð hleðslukerfis: $1.353.220+830.000+93.072 = 2.276.292$ ISK án/vsk
- Heildaruppghæð hleðslukerfis með virðisaukaskatti: $2.276.292 * 1,24 = 2.815.142$ ISK m/vsk
- Uppghæð hleðslustyrks: $2.276.292 * 0,67 = 1.525.116$ ISK án/vsk (hámark er 1.500.000 ISK)
- Uppghæð til greiðslu af húsfélagi: $2.276.292 * 0,33 + 25.116 = 776.292$ ISK án/vsk

Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Húsfélagið Espigerði 2 hefur samþykkt að sækja um styrk fyrir hleðslustöðvum á sameignarstæðum og samþykkir í bókun sinni í fundargerð að breytt fyrirkomulag um notkun bílastæða að rafbílar og tengiltvinnbílar hafi forgang í hleðslustæði þar sem uppsettar hleðslustöðvar eru staðsettar, sjá bókun í meðfylgjandi skjali „Espigerði 2 - Aðalfudnargerð 2020.pdf“, lið 4 á blaðsíðu 2.